

Félag um menntarannsóknir Ársskýrsla 2005

Í stjórn Félags um menntarannsóknir eru:

- Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor við HÍ, formaður
- Hafþór Guðjónsson, lektor við KHÍ, gjaldkeri
- Kristjana Stella Blöndal, aðstoðarframkvæmdastjóri Félagsvísindastofnunar, ritari.
- Jóhanna Rósa Arnardóttir, Hugheimum, vefstjóri
- Þórdís Þórðardóttir, lektor við KHÍ, meðstjórnandi
- Ragnar F. Ólafsson, Námsmatsstofnun, meðstjórnandi og ritstjóri tímarits FUM.

Varamenn eru:

- Amalía Björnsdóttir, dósent við KHÍ
- Bragi Guðmundsson, dósent við HA

Markmið félagsins samkvæmt lögum eru þessi:

Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:

- skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
- stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
- efla tengsl og samstarf félaganna
- stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum hér á landi og erlendis
- efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum
- skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

Félagsmenn eru 308 í lok febrúar 2006. Fjöldi félagsmanna hefur næstum þrefaldast frá stofnfundi félagsins árið 2002, en þá voru félagsmenn 105.

Hér verður gerð grein fyrir því hvernig stjórn félagsins vann að þessum markmiðum.

Stjórnarfundir

Núverandi stjórn var kosin á síðasta aðalfundi 17. febrúar 2005. Síðan hafa verið haldnir 9 formlegir stjórnarfundir og 5 óformlegir, þ.e. undirbúningsfundir vegna ráðstefnu félagsins 19. nóvember 2005. Fundargerðir eru á vef félagsins, fum.is.

Heimasíða félagsins

Heimasíða félagsins hefur verið uppfærð reglulega og settar inn fréttir og upplýsingar um starfsemi félagsins og um menntarannsóknir almennt. Jóhanna Rósa Arnardóttir hefur séð um

heimasíðuna og er nú t.d. þar að finna upplýsingar um ráðstefnur í menntamálum víðsvegar í heiminum.

Á heimasíðunni hafa félagsmenn einnig getað skráð sig á viðburði félagsins og keypt tímarit félagsins, Tímarit um menntarannsóknir.

Póstlistinn

Póstlistinn fum@khi.is hefur verið notaður til að koma á framfæri tilkynningum um fundi félagsins og ráðstefnu og upplýsingum um áhugaverðar ráðstefnur og útkomu tímarita.

Póstlistinn hefur einkum verið notaður af formanni og ritstjóra Tímarits um menntarannsóknir.

Ráðstefna 19. nóvember

Þann 19. nóvember s. l. var önnur ráðstefna félagsins haldin í Kennaraháskóla Íslands. Um 40 erindi og 4 heildstæðar málstofur sem tengdust öllum skólastigum, frá leikskóla upp í háskóla, voru á dagskrá. Aðalerindi ráðstefnunnar var flutt af Allyson Macdonald og hafði yfirskriftina *Samhæfing, samráð og samvinna: Um stefnu, skólastarf og rannsóknir*. Auk Allyson voru höfundar þau Jón Torfi Jónasson og Ingibjörg Kaldalóns. Í lok ráðstefnunnar voru pallborðsumræður um þá spurningu hvort *Stefnumörkun, skólastarf og rannsóknir í menntamálum væru þrjú aðskilin svið*, með þátttöku Gerðar G. Óskarsdóttur, Hjördísar Þorgeirsdóttur, Jóhönnu Einarsdóttur, Sigrúnar Aðalbjarnardóttur og Sigurjóns Mýrdal. Ráðstefnustjóri var Börkur Hansen.

Í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar voru stjórnarmennirnir Guðný Guðbjörnsdóttir formaður, Hafþór Guðjónsson, Kristjana Stella Blöndal, Jóhanna Rósa Arnardóttir og Þórdís Þórðardóttir.

Styrktaraðilar ráðstefnu FUM árið 2005 voru: Menntamálaráðuneytið, Háskóli Íslands, Kennaraháskóli Íslands, Námsmatsstofnun og Menntasvið Reykjavíkurborgar.

Þátttakendur á ráðstefnunni voru um 70. Ráðstefnan þótti takast afar vel.

Nokkur atriði sem huga þarf að fyrir næstu ráðstefnu:

- Koma þarf skýrt fram í auglýsingu hvers konar erindum er verið að sækjast eftir, þ.e. erindum um rannsóknir og rannsóknarniðurstöður, eða hvort efni í vinnslu eða til að vekja umræðu kemur til greina.
- Hugsa þarf að hvernig hægt væri að ná betur til fleiri hópa svo sem kennara.
- Ef til vill væri ástæða til að bjóða sérstakar málstofur fyrir framhaldsnámsnema í tenglum við ráðstefnuna.

Tímarit

Annað tölublað tímarits Fum, *Tímarit um menntarannsóknir* kom út. Ritstjóri þess er Ragnar F. Ólafsson. Í ritstjórn sitja auk hans þau Anna Þóra Baldursdóttir, Gretar L. Marinósson, Hafdís Ingvarsdóttir, Jón Torfi Jónasson og Kristín Jónsdóttir. Í samræmi við markaða stefnu stjórnar og ritstjórnar er tímaritið ritrynt og faglegar kröfur hafðar í fyrirrúmi. Ætlunin er að

tímaritið komi reglulega út einu sinni á ári. Frestur til að skila inn greinum hefur verið færður fram til 1. júlí.

Stefnu og framkvæmdaáætlun næsta árs.

Stefnu- og áhersluatriði sem stjórnin vill að lögð verði áhersla á:

- Gefa út tímarit árlega. Næsti frestur til að skila inn greinum er 1. júlí.
- Halda ráðstefnu annað hvert ár. Næsta ráðstefna því fyrirhuguð 2007.
- Standa fyrir námskeiðum um efni tengt rannsóknum og rannsóknaraðferðum þau ár sem ráðstefnur verða ekki haldnar. Slík námskeið eru fyrirhuguð í haust.
- Leita leiða við að virkja félagsmenn til þátttöku í umræðum og skoðanaskiptum um menntamál og menntarannsóknir.

09. mars 2006

Guðný Guðbjörnsdóttir
formaður